

Alþingi
Erindi nr. P 143/906
komudagur 28.1.2014

Alþingi,
nefndasvið,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 28. janúar 2014
2014010031

Efni: Tillaga til þingsályktunar um umferðarljósamerkingar á matvæli, 212. mál á 143. löggjafarþingi

Þingsályktunartillagan var send Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. janúar 2014.

Lagt er til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verði falið að hefja vinnu við undirbúning að upptöku næringarmerkis á héraðsmatvöru. Bændasamtök Íslands eru þeirrar skoðunar að gildi merkinga matvæla sé ótvírætt. Það er ekki einungis mikilvægt að upprunamerkjja matvörur heldur skipta upplýsingar um næringarinnihald ekki síður máli. Neytandinn ber vissulega frumábyrgð á eigin heilsu og þannig er það lagt í hans hendur að kynna sér næringarinnihald matvæla sem hann neytir. Til þess að geta tekið upplýsta ákvörðun þurfa merkingar á matvælum að gefa skýrar upplýsingar um innihald þeirra, uppruna og næringargildi. Þingsályktunartillagan hefur það markmið að tryggja neytendum sem bestar upplýsingar og Bændasamtökin taka undir það sjónarmið og eru fylgjandi því að hún verði samþykkt á Alþingi.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson (sign.)